



Remdesivír

lyfjameðferð vegna COVID-19

Veirulyfið remdesivír hefur verið samþykkt tímabundið af lyfjastofnun Evrópu sem meðferð vegna sýkingar af völdum veirunnar SARS-CoV-2 sem veldur sjúkdómnum COVID-19.

Lyfið er gefið þeim sem eru með alvarlega COVID-19 sýkingu, ásamt annarri lyfja- og stuðningsmeðferð. Sjúkdómurinn getur valdið alvarlegum veikindum og í einstaka tilfellum leitt til dauða. Meðferðin stendur ekki öllum til boða til dæmis vegna notkunar annarra lyfja.

Læknar og hjúkrunarfræðingar munu svara öllum spurningum sem vakna um meðferðina.

Áður en meðferð er hafin

Mikilvægt er að veita heilbrigðisstarfsmönnum nauðsynlegar upplýsingar áður en meðferð með lyfinu er hafin, til dæmis:

- Veita þarf lækni allar upplýsingar um heilsufar og lyfjanotkun, einnig um náttúruylf og vítamín, áður en meðferð hefst.
- Ef um konu á barneignaraldri er að ræða þarf að láta vita ef grunur er um þungun. Tekið verður þungunarpróf en það getur verið neikvætt ef þungun er stutt á veg komin.

Einnig verða gerðar rannsóknir, t.d. röntgenmyndataka, blóð- og/eða þvagrannsókn.

Sjúklingar og aðstandendur þeirra eru hvattir til að óska eftir frekari upplýsingum frá lækni eða hjúkrunarfræðingi ef eitthvað er óljóst.

Meðferð með remdesivír

Lyfið er gefið einu sinni á dag í bláæð, yfirleitt í fimm daga en við alvarlegan sjúkdóm er meðferð stundum lengri.

Lyfjagjöf

Lyfjagjöfin tekur 30-120 mínútur. Fyrsta daginn er gefinn tvöfaldur skammtur (200 mg) en næstu skammtar eru viðhaldsskammtar (100 mg). Lyfið er aðeins gefið á Landspítala eða Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Fylgikvillar

Fylgikvillar og aukaverkanir remdesivír eru ekki að fullu rannsökuð og enn er verið að gera rannsóknir á lyfinu. Lyfjastofnun Evrópu hefur þó metið meðferð með lyfinu við COVID-19 örugga.

Algengar aukaverkanir

Algengustu aukaverkanir sem hafa verið skráðar eru:

- Bólgin æð
- Hægðatregða
- Marblettir
- Höfuðverkur
- Verkur í handlegg eða fótlegg
- Ógleði

Sjaldgæfar aukaverkanir

Breytingar á starfsemi lifrar hafa komið fram hjá sumum sem fengu remdesivír. Hjá heilbrigðum einstaklingum varð lifrarstarfsemi aftur eðlileg eftir að gjöf lyfsins var hætt.

Ofnæmisviðbrögð

Einstaklingur getur mögulega haft ofnæmi fyrir lyfi sem hann hefur ekki fengið áður. Alvarleg ofnæmisviðbrögð sem geta verið lífshættuleg geta komið upp. Dæmi um ofnæmisviðbrögð sem geta komið fram:

- Útbrot
- Erfiðleikar við öndun
- Hvæsandi öndun
- Skyndileg lækkun á blóðþrýstingi
- Þroti í kringum munn, í koki og/eða í kringum augu
- Hraður hjartsláttur
- Sviti

Óþekkt/óvænt áhætta og óþægindi

Líkt og með öll ný lyf er lögð mikil áhersla á að fylgjast með aukaverkunum sem eru ekki alltaf augljósar. Ef vart verður við einhverjar aukaverkanir eða óvenjuleg einkenni þarf að láta lækni vita um leið og hægt er.

Læknir sem sér um meðferðina veitir nánari upplýsingar um aukaverkanir ef óskað er eftir því.

Meðganga og brjóstagjöf

Áhrif remdesivír á ófætt barn eða barn á brjósti eru óþekkt. Ráðlagt er að stöðva brjóstagjöf eftir fyrstu lyfjagjöf. Læknir veitir upplýsingar um hvenær má byrja brjóstagjöf aftur. Láta þarf vita ef grunur er um þungun. Áhættan fyrir fóstur og konu á meðgöngu er óþekkt og þarf sérstakt eftirlit með meðgöngunni ef þetta gerist.

Eftir útskrift

Eftirlit er skv. ákvörðun smitsjúkdóma- eða lungnalæknis.

Meðferð hætt

Læknir getur ákveðið að hætta meðferð með lyfinu. Það getur verið vegna:

- Öryggissjónarmiða
- Ef nýjar upplýsingar koma fram um meðferð með lyfinu eða um COVID-19
- Ekki voru veittar réttar upplýsingar um heilsufar í upphafi meðferðar
- Leiðbeiningum er ekki fylgt

Ef meðferð með remdesivír er hætt er lyfið ekki gefið en fylgst er áfram náið með heilsufari og annarri meðferð haldið áfram.

Kostnaður

Sjúklingur ber engan kostnað af lyfjameðferðinni. Greiða þarf komu- og rannsóknargjöld skv. gjaldskrá Landspítala ef það á við.

ÞÝTT ÚR OG STAÐFÆRT:

Iceland_English_Participant Information and Informed Consent Form V. 4.1 dated 20 May 2020 (based on Gilead Master Version 4.0 / Version Date 15 May 2020) Protocol Amd 2 Dated 15 May 2020 Ice_V.1.1., 10.Jun.2020

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
SEPTEMBER 2020
LSH-250

ÁBYRGÐARMÁÐUR:
YFIRLÆKNIR SMITSJÚKDÓMAEILDAR

HÖNNUN:
SAMSKIPTAEILD